

Lög Ungmennafélagsins Tindastóls

1. kafli – Um Ungmennafélagið Tindastól

1.grein.

Félagið heitir Ungmennafélagið Tindastóll, skammstafað UMFT. Heimili þess og varnarþing er á Sauðárkróki í Sveitarfélagi Skagafjarðar á Norðurlandi vestra.

2.grein.

Merki félagsins er hvítt T í jafnarma þríhyrningi í bláum og rauðum grunni. Notkun merkisins er óheimil nema með skriflegu leyfi aðalstjórnar félagsins.

Yfirlit yfir skrifleg leyfi fyrir notkun á merki félagsins skal vera aðgengilegt á heimasíðu Tindastóls. Ef óheimil notkun á sér stað rennur ágóði sem hlýst af notkun og markaðssetningu merkis félagsins beint til aðalstjórnar Tindastóls.

3.grein.

Keppnisbúningur félagsins er vínrauður að lit. Varabúningar skulu vera í samræmi við félagsliti ef kostur er. Sé þess ekki kostur skal deild leita samþykkis Aðalstjórnar.

2.kafli – Markmið UMFT

4.grein.

Markmið félagsins eru:

- a. Að auka áhuga á íþróttaiðkun og líkamsrækt.
- b. Að standa fyrir öflug- og faglegu íþrótt- og félagsstarfi, sérstaklega meðal barna og unglinga.
- c. Efla keppnis- og afreksíþróttir
- d. Að vinna gegn tóbaksreykingum, neyslu áfengis og annarra skaðnautna
- e. Að vinna að markmiðum og stefnuskrá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí) og Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) með kjörorðunum „ÍSLAND ALLT“.

5.grein.

UMFT er aðili að Ungmennasambandi Skagafjarðar (UMSS), sem er aðili að ÍSí og UMFÍ.

3. kafli - Félagar

6.grein.

Félagið er myndað af einstaklingum sem mynda deildir um iðkun viðurkenndrar íþróttagreinar eða annarrar starfsemi sem samrýmist markmiðum ungmenna- og íþróttafélagshreyfingarinnar og hafa sameiginlega aðalstjórn, sem er æðsti aðili félagsins milli aðalfunda.

7.grein.

Allir iðkendur, stjórnarfolk og þjálfarar eru sjálfkrafa félagsmenn í UMFT. Einnig geta allir orðið félagar, sem lagt hafa fram skriflega inntökubeiðni, með upplýsingum um fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Þegar þessi skilyrði hafa verið uppfyllt er umsækjandi fullgildur félagi. Jafnframt verða allir þeir sem opinberlega keppa undir merki félagsins sjálfkrafa félagar. Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til aðalstjórnar. Aðalstjórn félagsins heldur skrá yfir

alla meðlimi félagsins með aðstoð deilda, svo séð verði á hverjum tíma hverjir eru fullgildir félagar.

Félagar skuldbinda sig til að fara að lögum félagsins, hlíta keppnisreglum og vera félaginu til sóma hvarvetna sem þeir koma fram á vegum eða fyrir hönd félagsins. Aðalstjórn er heimilt að víkja félagi úr félaginu hafi hann brotið gegn lögum félagsins eða álitum hún framkomu hans eða gjörðir að öðru leyti vítaverða. UMFT fer eftir Siðareglum UMSS, ÍSÍ og UMFÍ.

8.grein.

Þegar kemur að ráðningu starfsmanns, þjálfara eða leikmanns skulu deildir fara eftir vinnureglum Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS).

9.grein.

Félagar skulu greiða árgjald til félagsins. Skal það ákveðið á aðalfundi ár hvert. Árgjald rennur til aðalstjórnar félagsins.

4.kafli - Deildir

10.grein.

Deildir skulu standa fyrir iðkun og eftir atvikum æfingum og keppni í viðurkenndum íþróttagreinum skv. Skilgreiningu ÍSÍ eða annarri starfsemi sem samrýmist markmiðum íþrótt- og ungmennafélaga. Aðalstjórn skal halda sérstaka skrá yfir þær deildir sem starfandi eru innan félagsins hverju sinni. Skráin skal staðfest á aðalfundi. Ákvörðun um stofnun nýrrar deildar innan félagsins verður aðeins tekin fyrir á aðalfundi UMFT.

11.grein.

Hver deild innan félagsins hefur sér stjórn og fjárhag. Stjórn hvernar deildar félagsins skal skipuð að minnsta kosti þrem mönnum; formanni, gjaldkera og ritara sem kjörnir eru sérstaklega á aðalfundi viðkomandi deildar og meðstjórnendum skv. ákvörðun aðalfundar hvernar deildar. Ef meðstjórnendur eru kjörnir ákveður stjórn deildar verkaskiptingu þeirra á fyrsta stjórnarfundum. Kjörtímabil deildarstjórna er á milli aðalfunda viðkomandi deilda. Skyld er að halda stjórnarfundum reglulega. Halda skal sérstaka gjörðabók um stjórnarfundum og senda afrit til aðalstjórnar UMFT.

Heilmilt er að stofna unglingaráð innan deila sem sérstaklega sjá um og vinna að eflingu starfsins hjá börnum og unglingum. Unglingaráð starfar á vegum stjórnar deildarinnar og skal það kosið á aðalfundi deildar eða skipun þess staðfest á aðalfundi deildar. Deildirnar skulu setja sér nánari reglur um skipun, starfshætti og starfsemi unglingaráðs. Halda skal fjárhag unglingaráðs aðskildum frá öðrum fjárhag deildarinnar en áætlanir og ákvarðanir um fjáraflanir og ráðstöfun fjármuna skulu hljóta samþykki deildarstjórnar, og lúta að öllum leyti sömu skilmálum og gilda um fjármál deilda, sbr. m.a. ákvæði 12. greinar laga þessara.

12.grein.

Stjórnir deilda skulu framfylgja samþykktum aðalfunda deilda og ráða daglegum rekstri þeirra, þar á meðal ráða þjálfara og ákveða laun þeirra. Hver deild skal halda nákvæmt félag- og iðkendatal samkvæmt lögum og reglum ÍSÍ og UMFÍ. Hver deild skal skila aðalstjórn UMFT félagatali sínu fyrir 30. janúar ár hvert.

Rekstur deilda skal vera hallalaus á hverju ári. Aðalstjórn skal setja verklagsreglur um fjárreiður og bókhald félagsins og deilda þess og skal aðalstjórn hafa eftirlit með því að þeim sé fylgt.

Aðalfundur deildar skal samþykkja fjárhagsáætlun sem þarf að fá staðfestingu aðalfundar félagsins til að öðlast gildi. Deildum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga umfram fjárhagsáætlunar nema með samþykki aðalstjórnar.

Stofni einstakar deildir fjárhagslega skuldbindingu án þessa samþykkis verða þær á ábyrgð þeirra sem til þeirra stofna og félaginu óviðkomandi.

Hver deild aflar fjár til sinnar starfsemi og hefur tekjur af:

- a. Æfingargjöldum
- b. Styrktarfélagsgjöldum
- c. Ágóða af íþróttamótum viðkomandi deildar
- d. Lottótekjum skv. skiptareglum og öðrum fjármagni til skipta
- e. Öðrum tekjuöflunarleiðum sem ekki rekast á við starf annarra deilda.

Stjórn deilda skal halda skýrslu um starf deildarinnar sem lögð skal fyrir aðalfund deildarinnar og afhent aðalstjórnar til birtingar í árskýrslu félagsins.

13.grein.

Aðalfundir deilda skulu vera haldnir eigi síðar en 1. mars fyrir liðið starfsár. Knattspyrnudeild er heimilt að halda aðalfund að hausti, en þó eigi síðar en 15. nóvember. Körfuknattleiksdeild er heimilt að halda aðalfund að sumri, en þó eigi síðar en 30. júní. Knattspyrnu- og körfuknattleiksdeild eru samt sem áður skylt að leggja fram endurskoðaðan ársreikning ásamt skýrslu fyrir aðalfund UMFT.

Atkvæðisrétt á aðalfundi deildar hafa allir félagar deildarinnar. Kjörgengir eru þó aðeins félagar deildarinnar sem náð hafa 18 ára aldri. Til aðalfundar deilda skal boða með viku fyrirvara með auglýsingu í staðarblöðum og er hann löglegur sé löglega til hans boðað. Stjórn skal leggja fyrir aðalfund fjölfaldaða ársskýrslu, ársreikninga og fjárhagsáætlun.

Dagskrá aðalfunda deilda skal vera sem hér segir:

1. Formaður deildarinnar setur fundinn.
2. Kosinn fundarstjóri.
3. Kosinn fundarritari.
4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
5. Formaður leggur fram ársskýrslu deildarinnar
6. Gjaldkeri leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga, sem síðan eru bornir undir atkvæði.
7. Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til afgreiðslu.
8. Stjórnarkjör:
 - a. Kosinn formaður.
 - b. Kosinn gjaldkeri.
 - c. Kosinn ritari.
 - d. Kosnir meðstjórnendur, eftir ákvörðun fundarins.
9. Önnur mál.

Á aðalfundi deilda ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála. Kosning deildarstjórna skal vera skrifleg, ef þurfa þykir. Ef atkvæði eru jöfn skal kosið bundinni kosningu og fáist enn ekki úrslit skal hlutkesti ráða.

14.grein.

Vanræki einhver deild að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

5. kafli – Aðalfundur UMFT

15.grein.

Aðalfundur UMFT fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda eigi síðar en 31. mars ár hvert. Til aðalfundar skal boða með bréfi til stjórna allra deilda félagsins og auglýsingu í staðarblöðum með tveggja vikna fyrirvara og er hann löglegur ef löglega er til hans boðað. Allir félagar 18 ára og eldri hafa kjörgengi til aðalfundar og til stjórnarstarfa í aðalstjórn. Allir félagar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins og deilda þess. Aðalstjórn skal leggja fyrir aðalfund fjölfaldaða ársskýrslu félagsins, ársreikninga og fjárhagsáætlun næsta árs.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa eftirtaldir félagar:

1. Allir félagsmenn UMFT

Hver félagi getur aðeins farið með eitt atkvæði. Hafi deild ekki haldið aðalfund eða sent fullgilt félagatal til aðalstjórnar á tilsettum tíma, eða ársreikningar deildar eru ekki samþykktir á aðalfundi hennar missa allir fulltrúar deildarinnar atkvæðisrétt á aðalfundi UMFT.

Dagskrá aðalfundar UMFT skal vera sem hér segir:

1. Formaður setur fundinn.
2. Kosinn fundarstjóri.
3. Kosinn fundarritari.
4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
5. Formaður flytur ársskýrslu félagsins.
6. Gjaldkeri leggur fram reikninga til samþykktar.
7. Umræður um skýrslu formanns og gjaldkera og reikningar félagsins bornir upp til samþykktar.
8. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
9. Veittar viðurkenningar og styrkir (Íþróttamaður Tindastóls og Minningarsjóður Rúnars Inga Björnssonar).
10. Kaffihlé.
11. Umræður og afgreiðsla tillagna.
12. Lagabreytingar.
13. Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun aðalstjórnar til samþykktar og deilda til staðfestingar.
14. Ákveðin árgjöld félagsins
15. Stjórnarkjör aðalstjórnar:
 1. Kosinn formaður.
 2. Kosinn gjaldkeri.
16. Kosnir tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
17. Önnur mál.

Heimilt er fundarstjóra að færa til dagskrárliði með samþykki fundarins.

16.grein.

Á aðalfundi félagsins ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála. Kosningar skulu vera skriflegar ef þurfa þykir. Séu atkvæði jöfn skal kjósa bundinni kosningu um þá menn að nýju. Verði atkvæði þá enn jöfn skal hlutkesti ráða.

17.grein.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

6. kafli – Aðalstjórn

18.grein.

Aðalstjórn félagsins skipa kjörinn formaður og gjaldkeri sem eru óháðir stjórnnum deilda félagsins og meðstjórnendur, sem eru formenn allra deilda innan UMFT eða fulltrúi hans. Leitast skal við að a.m.k. einn stjórnarmaður fyrri stjórnar verði í nýrri stjórn sem kosin er á hverjum aðalfundi til eins árs í senn. Til fyrsta fundar aðalstjórnar skal boða innan 15 daga frá aðalfundi félagsins þar sem leggja skal fram starfsáætlun fyrir allt árið og tímasetja fundi. Aðalstjórn skal einnig funda eftir þörfum. Aðalstjórn UMFT fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. 2/3 hluti atkvæða ræður úrslitum mála í aðalstjórn. Óski stjórn deilda eftir fundi við aðalstjórn skal boða til hans innan viku. Halda skal sérstaka gjörðabók um aðalstjórnar fundi.

Formaður og gjaldkeri skulu kosnir sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Formaður stjórnar fundum eða skipar aðra félagsmenn til þess. Ritari heldur gjörðabók félagsins og ritar fundargerðir. Gjaldkeri heldur reikninga, innheimtir tekjur og greiðir gjöld félagsins. Óheimilt er að skuldsetja félagið þess nema með samþykki meirihluta aðalstjórnar.

Reikningsár félagsins er almanaksárið 1. janúar til 31. desember.

19.grein.

Aðalstjórn félagsins ber að framfylgja samþykktum aðalfundar, koma fram fyrir hönd félagsins, efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Hún hefur umráðarétt yfir öllum eignum félagsins og ræður starfsemi þess í aðalatriðum í samráði við deildarstjórnir. Alla sjóði félagsins skal ávaxta í banka eða sparisjóði. Kaup og sala fasteigna félagsins er bundin aðalfundarsamþykkt. Aðalstjórn tekur ákvörðun um skiptingu fjármagns sem félagið hefur aflað og staðið sameiginlega að. Aðalstjórn er heimilt að skipa nefndir sem hún telur þörf á.

Allar eignir félagsins, hvort sem þær eru í umsjá aðalstjórnar eða einstakra deilda, er sameign félagsins. Hætti íþróttadeild starfsemi, skal stjórn hennar afhenda aðalstjórn allar eignir hennar svo og fundargerðarbækur og hverskonar gögn, sem varða starfsemi hennar.

Verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu ávallt vera í vörslu aðalstjórnar.

Félagsfund skal boða ef a.m.k. 20 félagsmenn krefjast þess eða þegar aðalstjórn ákveður.

7.kafli - heiðursviðurkenningar

20.grein.

Heiðursfélagsmerki UMFT, aðalfundur hefur heimild til að kjósa heiðursfélaga að tillögu stjórnar, en umræður um uppástungu að heiðursfélaga skulu ekki leyfðar. Við þá samþykkt þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Heiðursfélögum skal við hátíðlega athöfn afhent heiðursmerki UMFT úr gulli, sem er æðsta heiðursmerki ungmennafélagsins. Viðtakandi verður að hafa unnið mikið og samfellt starf fyrir UMFT.

Starfsmerki UMFT, má veita fyrir frábært átak eða afrek í félagstörfum, skipulagstörfum, framkvæmdastjórn eða á íþróttasviðinu. Til grundvalla þarf ekki að liggja langt samfellt starf.

Gestamerki UMFT, má veita aðilum utan félagsins, sem í verki hafa sýnt því sérstakan sóma og velvild.

8. kafli – Slit UMFT

21.grein.

Ef félagið verður lagt niður verða eigur þess afhentar íþróttá- og tólmstundarnefnd Sveitarfélags Skagafjarðar til varðveislu.

9. kafli - Lagabreytingar

22.grein.

Lögum þessum má eingöngu breyta á lögmætum aðalfundi félagsins og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur til breytinga á lögum félagsins skal senda aðalstjórn eigi síðar en viku fyrir aðalfund og skulu þær vera undirritaðar af flutningsmönnum. Aðalstjórn skal senda stjórnnum deilda tillögur til lagabreytinga til kynningar a.m.k. 4 dögum fyrir aðalfund. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum félagsins, sem síðar koma fram, ef það er samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

23.grein.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi öll eldri lög félagsins.

Samþykkt á aðalfundi 18. maí 2020.